



Dagsetning: 8. maí 2024  
Málsnúmer: 2404161/2404162

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

**Efni:** Umsögn um þingsályktun um uppbyggingu vindorkuvera, 899. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, 900. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi, 899. mál. sem og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál. Eins og fram kemur í gögnum málsins þá verða þessi mál að skoðast samhliða enda mælir breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun fyrir um málsmeðferð samkvæmt umræddri stefnu.

Fjarðabyggð fagnar framkominni þingsályktunartillögu og lagafrumvarpi enda löngu tímabært að skýra regluverk í kringum uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku héraendis. Skýr opinber stefna um hagnýtingu vindorku stuðlar að því að unnið sé markvissar að undirbúningi verkefna sem styðja við markmið stjórnvalda um uppbyggingu á vinnslu á grænni orku. Stjórnvöld hafa nú þegar sett sér mikilvæg og metnaðarfull markmið í lofslagsmálum og orkuskiptum og ljóst að hagnýting vindorku verður mikilvægur liður í að ná markmiðum um kolefnishlutleysi Íslands. Dregið er fram í stefnunni mikilvægi þess að uppbygging virkjanakosta í vindorku héraendis, í sem mestri sátt við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, verði þannig ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins auk vatnsafls og jarðhita.

Framkomin stefna stjórnvalda rímar mjög vel við ýmsar áherslur í Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044<sup>1</sup>. Sérstaklega viljum við benda á kafla um orku þar sem eftirfarandi kemur fram:

### ***Bl. Orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum***

*Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds við orkuframleiðslu verði sjálbærni, umhverfisvernd og landsgæði hçfð að leiðarjosi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhr.fum nýtingar og orku.flutnings á umhverfi. efnahag og sam.félag.*

Fram kemur í grein 1.5 í stefnu stjórnvalda að tryggt verði að lagaumgjörð verði með þeim hætti að endanleg ákvörðun um það hvort uppbygging einstakra virkjunakosta í vindorku verði settir inn á skipulag sé í höndum viðkomandi sveitarfélags, enda gengi annað gegn skipulagsvaldi sveitarfélaga. Þá kemur fram í grein 1.6. að stefnt skuli að því að sú verðmætasköpun sem hagnýting vindorku hefur í för með sér skili sér til samfélagsins og tryggi beina beina og sýnilega hlutdeild í afkomu starfseminnar. Fjarðabyggð telur ástæðu til að sterkar verði að orðið kveðið og að í stað þess að „stefnt verði að“ verði „tryggt“ að nærsamfélagið njóti ábata af uppbyggingu þessara orkukosta og að lokið verði samhliða við endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu.

Fjarðabyggð vill að lokum taka undir þau atriði sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og vekur einnig athygli á því að vera aðili að Samtökum orkusveitarfélaga sem búin eru að skila umsögn um málið.

<sup>1</sup> [Svæðisskipulag Austurlands \(austurbru.is\)](#)



## Niðurlag

Áhrif breytinga er tengjast þessari lagasetningu mun skipta verulega máli fyrir framþróun uppbyggingar grænnar orku sem styður við markmið stjórnvalda sem og samfélagsins alls um orkuskipti á Íslandi. Mikilvægt er að áfram sé unnið markvisst að því hjá stjórnvöldum að komast að niðurstöðu svo til grundvallar uppbyggingar vindorku liggja samþykkt stefna og lagaumgjörð.

Fjarðabyggð óskar eftir því að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir sínum áherslum á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd.

Fh. Fjarðabyggðar  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri